

Fundargerð



Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps
föstudaginn 5. apríl 2019, kl. 13.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Birgitta Jónasdóttir fyrir hönd leikskóla auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár. Hann óskaði eftir taka á dagskrá Skýrslu skólastjóra og fjárhagshagsáætlun undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

- 1. Umsókn um stöðu skólastjóra:** Lögð fram umsókn um starf skólastjóra Reykhólaskóla frá Önnu Björgu Ingadóttur. Ásta Sjöfn vék af fundi undir þessum lið. Ekki bárust aðrar umsóknir um stöðuna.
Mennta- og menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn að Anna Björg verði ráðin.
- 2. Æskulýðsstarf - ungmennaráð:** Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómsfundafulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið. Hún lagði fram skýrslu um æskulýðsstarf og gerði grein fyrir henni. Fór hún yfir starfsemi félagsmiðstöðvar í nýju húsnæði og fl. Rætt um úttekt á brunavörnum félagsmiðstöðvarinnar og hugsanlegar breytingar á því svæði sem hún hefur til ráðstöfunar.
Rætt um spurningar frá ungmennaráði. Ákveðið að bjóða ungmennaráði að koma á næsta fund nefndarinnar þar sem farið verði yfir fyrirspurnir þess. Haldið verður ungmennaping 15. apríl nk. í félagsmiðstöðinni. Sveitarstjórn er boðið að mæta á þingið ásamt Mennta- og menningarmálanefna og fulltrúum Ungmennafélagsins.
- 3. Samstarfssamningur við Aftureldingu:** Formaður gerði grein fyrir drögum að samstarfssamningi við Ungmennafélagið Aftureldingu. Formanni og sveitarstjóra falið að hitta forsvarsmenn félagsins með það fyrir augum að ganga frá drögum að samningi við félagið.
- 4. Samstarfssamningur við félag eldri borgara:** Formaður fór yfir og kynnti drög að samningi við Félag eldri borgara. Formanni, sveitarstjóra og tómsfundafulltrúa falið að hitta fulltrúa félagsins með það fyrir augum að ganga frá samstarfssamningi við félagið.

5. **Skóladagatal:** Skólastjóri kynnti og gerði grein fyrir skóladagatali næsta árs. Nefndin samþykkir áætlunina.
6. **Bréf frá foreldri:** Gerð grein fyrir bréfi sem barst vaðandi kvörtun um samskipti barna innan skólans. Erindið verður kynnt til félagsmálafulltrúa.
7. **Önnur mál:**
 - a) **Skýrsla skólastjóra og fjárhagshagsáætlun:** Skólastjóri gerði grein fyrir starfi og stöðu Reykhólaskóla. Starfið í skólanum og leikskólanum gengur vel. Þá ræddi skólastjóri um fjárhagsáætlun og nauðsynleg kaup á húsgögnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____